



Fréttabréf Naustaskóla

7. tölublað, 7. árgangur, 16. ágúst 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautavarsla

Eins og undanfarin ár óskum við eftir aðstoð foreldra við að manna gangbrautina við Kjarnagötu á morgnana kl. 7:45-8:10. Áhugasamir eru beðnir um að gefa kost á sér með því að senda tölvupóst á netfangið naustaskoli@akureyri.is...

Íþróttir og sund

Nú ætlum við að nýta vel allt upphafi þann tíma sem við höfum í íþróttahúsum og munum því byrja strax á kennslu þar. Nemendur þurfa því þegar frá byrjun að mæta búin til inniþróttakennslu eftir því sem stundaskrár segja til um.

Kæra skólasamfélag

Sjötta starfsár Naustaskóla hefst með skólasetningu fimmtudaginn 21. ágúst. Þá koma nemendur 1. bekkjar ásamt foreldrum til viðtals við umsjónarkennara en aðrir nemendur hitta kennara sína stutta stund og fá afhentar stundaskrár og aðrar upplýsingar sem varða skólastarfið. Kennsla hefst svo skv. stundaskrá föstudaginn 22. ágúst nema hjá 1. bekk þar sem kennsla hefst mánudaginn 25. ágúst.

Það eru tiltölulega litlar breytingar hjá okkur milli ára núna og lítil fjölgun nemenda enn sem komið er, stefnir í að nemendur verði rétt liðlega 330 talsins þetta skólaárið, örlítið fleiri en í fyrra. Nú eru að hefjast framkvæmdir við suðvesturhluta lóðar skólans en þar munu koma fleiri bílastæði og hægt verður að taka í notkun aðalingang hússins þegar framkvæmdum lýkur sem er áætlað að verði í fyrrihluta októbermánaðar. Að auki hefur bæjarráð svo bókað að “stefnt sé að því að ljúka framkvæmdum sem fyrst” en það kemur í ljós við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs hve langt verður komist á því ári. Við vonum auðvitað að þetta þýði að nú sé að renna upp síðasta skólaárið án starfsmannaálmunnar og íþróttahússins og lítum björtum augum til framtíðarinnar, enda engin ástæða til annars þar sem hún er sannarlega björt og lífið yfirhöfuð dásamlegt. Með von um góða skólabyrjun, gott samstarf í vetur og árangursríkt skólaár framundan hjá okkur öllum!
Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Umsjónarkennarar og nemendafjöldi 2014-2015

1. bekkur: Gréta Björk Halldórsdóttir og Guðrún Inga Hannesdóttir Nemendafjöldi: 43

2.-3. bekkur: Berglind Bergvinsdóttir, Björn B. Benediktsson, Kristín Sigurðardóttir, Lilja Þorkelsdóttir og Stefán Guðnason. Nemendafjöldi: 92

4.-5. bekkur: Sigríður Jóna Ingólfssdóttir, Svala Einarsdóttir og Þóra Ýr Sveinsdóttir. Nemendafjöldi: 54

6.-7. bekkur: Andri Snær Stefánsson, Kolbrún Sigurgeirsdóttir og Særún Magnúsdóttir. Nemendafjöldi: 66

8.-10. bekkur: Atli Sveinn Þórarinsson, Ása Katrín Gunnlaugsdóttir, Herdís Margrét Ívarsdóttir og Magnús Jón Magnússon. Nemendafjöldi: 77

Að auki starfa svo stoðkennarar og stuðningsfulltrúar með hverju teymi eftir efnum og ástæðum en sú skipan verður nánar kynnt á skólasetningu.

Skólasetning

Skólasetning í Naustaskóla verður fimmtudaginn 21. ágúst. Nemendur mæti á eftirfarandi tímum:

kl. 10:00 2.-3. og 6.-7. bekkur

kl. 11:00 4.-5. og 8.-10. bekkur

Nemendur í 1. bekk og forráðamenn mæta í viðtöl á skólasetningardaginn eða daginn eftir, tölvupóstur með upplýsingum varðandi viðtölin hjá 1. bekk hefur verið sendur út.

Á skólasetningunni hitta nemendur umsjónarkennara, fá stundaskrá og fræðast um starfið í vetur. Foreldrar eru velkomnir og **við mælumst sérstaklega til þess að foreldrar nýrra nemenda í skólanum fylgi sínum börnum.**

Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að ganga í skólann en minnum einnig á að nú hefur verið útbúið sleppistæði við Kjarnagötuna vestan við skólann þannig að hægt vætti að vera að draga verulega úr óþarfa akstri inn á bílastæðin...!!

Nýir starfsmenn þetta haustið eru Árni Hrólfur Helgason, stoðkennari á unglingastigi, Björn Benediktsson og Stefán Guðnason kennarar í 2.-3. bekk, Gréta B. Halldórsdóttir kennari í 1. bekk, Hulda Davíðsdóttir þroskaþjálfari í 6.-7. bekk, Róbert Jón Jack aðstoðarmatráður, Salóme Svavarsdóttir stuðningsfulltrúi í 6.-7. bekk, Svava Rögnvaldsdóttir skóla-liði og Særún Magnúsdóttir kennari í 6.-7. bekk. Velkomin í hópinn!

Unicef söfnunin í vor

tókst þrýðilega og söfnuðust rúmlega



230.000 krónur sem munu koma í góðar þarfir til að stuðla að menntun og bættri líðan barna úti í heimi. Vel af sér vikið!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Ágúst 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
17	18 Undirbúningsdagur	19 Undirbúningsdagur	20 Undirbúningsdagur	21 Skólasetning (Frístund opin) (Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör)	22 Kennsla hefst skv. stundaskrá Kjötréttur, kartöflu- stappa og salat	23
24	25 Plökkfiskur, paprika og rúgbrauð	26 Lasagna, kryddgrjón og salat	27 Steiktur fiskur í raspi, kartöflur og tandooridressing	28 Kjúklingatortillur	29 Hrísgrjónagrautur og slátur Útivistardagur	30

Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið er sérstaklega ætlað fyrir foreldra þeirra barna sem eru að hefja sitt grunnskólanám. Námskeið af þessu tagi eru haldin árlega fyrir foreldra nýnema en markmiðið með þeim er að fræða foreldra um skólann okkar og grunnskólakerfið almennt, hvað það þýðir að eiga barn í grunnskóla, hvað þurfi helst að hafa í huga, hvaða þjónusta og aðstoð er í boði o.s.frv. Námskeiðið verður haldið

Þriðjudaginn 2. september kl. 17:30-20:00

Dagskrá þess verður sem hér segir:

- Að byrja í grunnskóla - hvað þýðir það fyrir börnin okkar?
- Grunnskólakerfið á Íslandi - yfirlit og upplýsingar
- Naustaskóli / starfshættir / agastefna / kennsluáðferðir o.fl.
- Samskipti heimila og skóla / upplýsingamiðlun - mentorkerfið o.fl.
- Foreldrafélag / skólaráð / stoðþjónusta

Ætlast er til að fulltrúar allra nemenda í 1. bekk mæti á námskeiðið en aðrir eru að sjálfsögðu einnig velkomnir. **Boðið verður upp á barnagæslu meðan á námskeiði stendur og léttan málsverð fyrir þátttakendur og börn.**

Mötuneyti / ávextir / mjólk

Til að byrja með gerum við ráð fyrir að allir nemendur verði í fæði í mötuneyti skólans og að allir nemendur verði í ávaxtaáskrift. Hver hádegismáltíð í annaráskrift kostar 395 krónur og annaráskrift að ávöxtum kostar 6400 krónur. Þeir sem óska EKKI eftir að kaupa annaráskrift að hádegismat og ávöxtum þurfa að senda póst um það á netfangið naustaskoli@akureyri.is eða hringja í ritara skólans í síma 4604100. Þeir sem vilja frekar senda börn sín með nesti í skólann en að kaupa ávaxtaáskrift geta óskað eftir mjólkuráskrift (2800 kr. á önn) og skal það einnig gert með símtali eða tölvupósti til ritara. Nánari upplýsingar um mötuneyti, ávexti og mjólk má nálgast á heimasíðu skólans á slóðinni:

<http://www.naustaskoli.is/page/motuneyti>

Námshagnagjaldið

Við minnum þá sem enn eiga eftir að greiða námshagnagjaldið að gera það hið fyrsta eða í síðasta lagi á skóla-setningardaginn. Gjaldið er 3600 kr. fyrir alla nemendur og greiðist inn á reikning 565-26-460110, kt. 460110-1140.

Gledilegt nýtt skólaár!!!

Næsta fréttabréf kemur út 1. september